



Fornleifarannsókn á mannvistarlögum í hitaveituskurði í landi Stóru Drageyrar



Lísabet Guðmundsdóttir

FS620-16161
Reykjavík
2016

Á forsíðumynd er horft yfir lagnaskurðinn til vesturs. Í skurðinum sést mannvirki 2. Hægra megin í skurði (norðan megin) er nyrðri langveggur og vinstra megin eru torfveggir ásamt gólflagi á milli þeirra. Ljósmynd tók Lísabet Guðmundsdóttir.

Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Samantekt	4
Inngangur	5
Markmið og aðferðafræði	5
Framkvæmd	6
Norðursnið	8
Ljósmyndir og lýsing	9
Suðursnið	24
Ljósmyndir og lýsing	27
Umræða	39
Mannvirki	39
Mannvirki 1	40
Mannvirki 2	41
Umræða	43
Gripir	43
Niðurstaða	47
Heimildaskrá	48
Viðauki 1 – Einingaskrá	49
Viðauki 2 – Gripaskrá	50
Viðauki 3 – Sýnaskrá	52
Viðauki 4 - Ljósmyndir	53

Samantekt

Í maí 2016 var grafinn skurður í landi Stóru Drageyrar í Skorradal vegna lagningar á hitaveitulögn. Skurðurinn lá í gegnum túnið og norðurjaðar bæjarhóls Stóru Drageyrar, alls um 200 metra. Mannvistarleifar voru sýnilegar í öllum skurðinum en einkum frá bæjarhólnum og í vesturátt. Tvö mannvirki, sem engin merki sáust um á yfirborði, komu í ljós í skurðinum. Mannvirki 1 er útihús sem er reist á grunni eldra mannvirkis sem kann að hafa verið íveruhús. Mannvirki 2 er lítil bygging með eldstæði, en hlutverk þess er óþekkt. Ekki var unnt að aldursgreina minjarnar þar sem ekki voru gjóskulög til staðar. Miðað við afstöðu jarðlaga og gripa ljóst að yngstu minjarnar eru frá 19. til 20. öld en tímasetning eldri minja óvís.

Inngangur

Í maí 2016 fór fram deiliskráning fornleifa vegna endurnýjunar hitaveitulagnar í landi Stóru Drageyrar í Skorradal.



Mynd 1. Skorradalur er innan rauða rammans.

Framkvæmdin var þegar hafin þegar deiliskráningin átti sér stað og var búið að grafa um 500 m langan lagnaskurð meðfram malarvegi og í gegnum heimatún Stóru Drageyrar af þessum 500 m skurði voru 200 m rannsakaðir.¹ Í ljós kom að skurðurinn fór í gegnum hluta bæjarhólsins. Framkvæmdin var stöðvuð af Minjastofnun Íslands og farið var fram á frekari rannsóknir.² Veitur ohf óskuðu eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses sæi um verkið sem hófst 6. júní og lauk 14. júní 2016. Minjastofnun veitti rannsóknarleyfi sem er nr. 201605-0085 og safnnúmer rannsóknarinnar er 2016-32. Verkstjórn var í höndum Lísabetar Guðmundsdóttir en auk hennar unnu fornleifafræðingarnir Stefán Ólafsson og Kevin Martin við rannsóknina. Lísabet Guðmundsdóttir sá um úrvinnslu og Guðrún Alda Gísladóttir hafði umsjón með greiningu gripa.

Markmið og aðferðafræði

Í bréfi frá Minjastofnun Íslands var ítarleg rannsóknaráætlun sem skipt var í þrjá áfanga. Í fyrsta lagi skyldi átta sig á aldri, gerð og hlutverki mannvistarleifa sem sjást í skurði. Í öðru lagi meta hvort þörf væri á frekari rannsóknum til að skýra hlutverk og aldur minja og í þriðja lagi úrvinnsla og skýrslugerð.³ Úr varð að um 200 metrar af lagnaskurðurinn var rannsakaður í heimatúni. Þar er skurðurinn grafinn meðfram malarvegi, sunnan til.

Norður- og suðursnið skurðarins voru hreinsuð með múrskeið og ljósmynduð. Þar sem skurðurinn var V-laga voru sniðin gerð lóðrétt þar sem mannvistarleifarnar voru hvað þéttastar. Eitt mannvirki var grafið innan skurðarins eftir einingaraðferðinni (e. Single context recording). Þegar grafið er eftir einingaraðferðinni er mannvistarlag afmarkað, því lýst á þar til gerð einingarblöð, það ljósmyndað og mælt eða teiknað. Í þessari rannsókn var Trimble alstöð notuð til þess að mæla upp einingar og skurð. Alstöðin var staðsett út frá föstum punktum frá Vegagerðinni og Veitum ohf. og er allar

¹ Kristborg Þórisdóttir. 2016. bls. 6.


² Sigurður Bergsteinson. 2016. Bréf

³ Sigurður Bergsteinson. 2016. Bréf


mælingar í ISN93. Lóðrétt snið voru handteiknuð í skalanum 1:10 og 1:20 en þau voru einnig ljósmynduð með hnitsettum punktum og myndunum raðað saman. Mannvistarlög var að finna nánast samfleytt á 100m kafla í báðum sniðum. Norður og suðursnið skurðarins voru ljósmynduð með hnitsettum punktum og lýst. Gripir voru skráðir í það lag sem þeir fundust í, ef svo var hægt, annars voru þeir skráðir sem lausafundir.

Framkvæmd

Stóra Drageyri er sunnan við Skorradalsvatn, sunnan við núverandi malarveg sem liggur meðfram vatninu. Á kortinu hér fyrir neðan má sjá hvar rannsóknarsvæðið er staðsett. Rannsóknarsvæðið er innan rauða rammans.



Kort 1 Rannsóknarsvæðið er innan rauða rammans, sunnan við Skorradalsvatn.



Kort 2. Á kortinu er sá hluti skurðarins sem var rannsakaður frekar. Í allt var skurðurinn 200 m og voru mannvistarlög í tæpum 100 m bæði norðan og sunnanverðu í sniðinu. Íbúðahúsið er á bæjarhólnum og bárujárnshlaðan á hólnum austanverðum.

Bæjarhóll Stóru Drageyrar (BO-147:001) er í austurjaðri gamla heimatúnsins og stendur nú gömul bárujárnshlaða á hólnum. Íbúðarhús stendur um 38 m vestan við bæjarhólinn en bærinn fór í eyði árið 1966. Bæjarhóllinn er 24x14 m að stærð og snýr í NNA-SSV. Vestan við bæjarhólinn er kálgarður sem er 18x15 m að stærð og snýr austur-vestur og fer veituskurðurinn í gegnum garðinn.⁴ Skurðurinn var 200 m langur, um 2,5 m á breidd og botn skurðarins var um 0,4-0,5 m á breidd. Skurðurinn var þar af leiðandi V-laga.



Mynd 2. Skurðurinn áður en rannsókn hófst. Rauða húsið er gamla íbúðarhúsið en gráa húsið er hlaða. (Mynd tekin í A)

Elsta heimildin um jörðina er frá árunum 1352-79. Minnst er á Stóru Drageyri, þá kölluð Eystri Eyri undir Draga, í skjali sem varðar sölu á jörðinni Indriðastöðum. Þar stendur að Ásgrímur ábóti selji Narfa hálfu jörð að Indriðastöðum í Skorradal og allt land að eystri Eyri undir Draga.⁵ Búið er á jörðinni á 14. öld en ekki er vitað hvenær sú byggð hófst. Árið 1420 eignast Hvanneyrarkirkja jörðina en hún fer svo í eyði 1583.⁶ Ekki er vitað með vissu hvenær aftur jörðin byggðist aftur áður en hún fór endanlega í eyði árið 1966.⁷

Hér að neðan verður gerð grein fyrir því sem í ljós kom í skurðinum. Fyrst er gerð grein fyrir norðursniði. Fremst í þeim kafla er sniðteikning af mannvirki 2. Þá hefst lýsingin af 88 metra löngum kafla og er byrjað austast í skurðinum og endað vestast. Hefst lýsingin á sniði N01 (0-4m) og endar á sniði N20 (84m-88m). Næst er gerð grein fyrir suðursniði. Fremst í þeim kafla er sniðteikning af mannvirki 1. Þá hefst lýsingin af 75,5 metra löngum kafla og er byrjað austast í sniðinu og endað vestast. Hefst lýsingin á sniði S01 (0-2,5m) og endar á sniði S24 (71,5m-75,5m).


⁴ Kristborg Þórisdóttir. 2016. bls. 8-9.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn III. 1896. bls. 138.

⁶ Íslenskt fornbréfasafn IV. 1897. bls. 286.

⁷ Kristborg Þórisdóttir. 2016. bls. 8.

Norðursnið



Mynd 3 Sniðteikning af mannvirki 2 ásamt öðrum mannvistarlögum.

[401]

Yfirborðslag ásamt blönduðu ruslalagi. Lagið hefur myndast vegna túnasléttunar. Talsvert var af nútímagripum til að mynda tappi af flösku sem merktur var ÁTVR, gler, steinkol og keramikbrot.

[402]

Torfhrun úr vegg [403]. Torfið er appelsínugult og grátt, blandað kolum.

[403]=[101] í fleti

Torfveggur, norðurgafll mannvirkis 2. Torfið er afar vel varðveitt og hefur veggurinn verið hlaðinn úr klömbtrum. Torfið er brúnt, appelsínugult og gulleitt.

[404]

Móöskublandað ruslalag sem liggur upp að torfvegg [403] að austanverðu. Lagið er brúnt og bleikt vegna móöskunnar og inniheldur talsvert af kolum ásamt torfsneplum.

[405]

Torfhrun úr vegg [403] mjög áþekkur hruni [402] en torfríkara og ekki eins hreyft.

[406]

Grábrúnt ruslalag með móöskuslitrum og torfsneplum. Leirríkt.

[407]

Grábrúnt leirríkt lag undir torfvegg [403], nánast engin ummerki um mannvist er í laginu en kann að benda til þess að sléttað hafi verið úr neðra lagi áður en veggur [403] var hlaðinn.

[408]

Torfkennt mólalag með kolasalla, grátt og appelsínugult, leirríkt með járnútfellingum.

[409]

Óhreyft.

[410]

Grábrúnt lag frekar laust í sér, torfsneplar og einstaka kol.

[411]

Blandað móöskulag, brún-bleikt á lit, lagið er ríkt af kolum og brenndum beinum.

[412]

Torflag, gul-brúnt, appelsínugult og grátt torf. Virðast vera strengir, þó ekki hluti af neinu mannvirki.

[413]

Gráleitt og leirríkt lag sem inniheldur kol og torfsnepla.

[414]

Gráleitt blandað lag sem er afar laust í sér, líkist einna helst yfirborðslagi ef miðað er við hversu laust í sér það er. Lagið er malarríkt með finni mól og sendið.

[415]

Torflag, líklegast hrún, virðist hafa verið úr strenghlöðnum vegg. Torfið er brún-appelsínugult, grænt og gult, afar litríkt. Lagið er greinilega hreyft þó mun meira að vestanverðu. Í laginu er frekar stór steinn sem hefur verið hluti af vegg.

[416]

Malarlinsa.

[417]

Einsleitt grábrúnt lag með örfáum kolum. Lagið liggur ofan á óhreyfðum jarðveg.

Ljósmyndir og lýsing

Sniðið var allt ljósmyndað með hnitsettum punktum með 4 m bili. Ljósmyndirnar voru svo settar saman til þess að hægt væri að skoða allt sniðið í einu. Hér fyrir neðan er mynd af hverjum fjögurra metra sniðkafla fyrir sig og stutt lýsing á því.

Lýsing hefst austast í norðursniði.

SniðN-01 (0-4m)




Snið N-01 er austast í norðursniði. Mjög lítil ummerki eru um mannvist er austast í sniðinu, þar eru aðallega leirlög og malarlög til skiptis en neðst er blandað móöskulag sem liggur ofan á náttúrulegu malarlagi. Að vestanverðu eru torfblönduð lög sem gætu verið hrun úr mannvirki 1. Sniðið er um 1 m á hæð.

SniðN-02 (4m-8m)



Í sniði N-02 eru þrjú lög sem eru blönduð lög með misháu hlutfalli af torfi og gætu tengst mannvirki 1.

SniðN-03 (8m-12m)



Mjög áþekkt lög og í sniði N-02. Yfirborðslag, fokmold með torfsneplum og torflag með hærra hlutfalli af torfi en í laginu fyrir ofan. Þessi lög liggja ofan á náttúrulegu malarlagi.

SniðN-04 (12m-16m)



Efsta lagið er yfirborðslag eða fokmold með kolum og nútímagripum. Undir því er torfblönduð fokmold sem liggur á dökku lagi, fokmold og kol, þar undir er torfhrun, líklegast úr norðurgafli mannvirkis 1.

SniðN-05 (16m-20m)



SniðN-05a var teiknað á vettvangi, sjá frekari lýsingu á sniðteikningu á bls. 8-9, fremst í þessari umfjöllun.

SniðN-05b (20m-24m)



SniðN-05b var teiknað á vettvangi, sjá frekari lýsingu á sniðteikningu á bls. 8-9, fremst í þessari umfjöllun.

SniðN-05c (24m-28m)



Í sniðiN-05c var norðurgafl mannvirkis 2 ásamt torfhruni. Sjá frekari lýsingu á sniðteikningu á bls. 8-9, fremst í þessari umfjöllun.

SniðN-06 (28m-32m)



SniðN-06 er vestan við mannvirki 2 og sést þar aðallega torfhrun úr byggingunni sem liggur ofan á grábrúnu leirríku lagi með kolum í. Vestast í sniðinu eru bogadregin lög sem bendir til þess að landið hafi veri þýft þegar þarna var byggt en torfhrun liggur ofan á þúfunum.

SniðN-07 (32m-36m)



SniðN-07 Efsta lagið er yfirborðslag/túnasléttunarlag líkt og annarsstaðar í sniðinu. Undir því eru torfblönduð lög sem liggja ofan á bogadregnum lögum líkt í sniði 06 sem líklegast eru þúfur. Þýfða svæðið er leirríkt með kolasalla (2%). Í vestanverðu sniðinu er landnámslagið 871+/- 2 og liggur það að nokkru lóðrétt upp að grábrúnu leirlagi með kolasalla ásamt náttúrulegu leirlagi.

SniðN-08 (36m-40m)



SniðN-08 er mjög áþekkt sniði 07 þó fremur minni merki um mannvist. Undir yfirborðslagi er fokmold með torflinsum sem liggur svo á óröskuðu lagi.

SniðN-09 (40m-44m)



SniðN-09 Yfirborðslag/túnasléttunarlag var raskað vegna skurðar/niðurgrftar sem í var steypurör. Að austanverðu er hreyft fokmoldarlag sem liggur á óhreyfðum jarðlögum. Fyrir miðju er landnámslagið 871+/-2 óraskað (in situ), ofan á því er leirlag með járnútfellingum.

SniðN-10 (44m-48m)



SniðN-10 Efst í sniðinu er malarlag sem liggur frá malarveginum að skurðarstæðinu. Undir því er fokmold með kolum sem liggur á gráappelsínugulu lagi sem er óhreyft.

SniðN-11 (48m-52m)



SniðN-11 Svipað og snið 10, lítil merki um mannvist.

SniðN-12 (52m-56m)



SniðN-12. Í sniði 12 er malarlag líkt og í sniði 11 og er það talsvert þykkara en í sniði 11. Að austanverðu og vestanverðu eru torfblönduð lög sem liggja ofan á óhreyfðum jarðvegi. Í miðju sniði eru engin ummerki um mannvist.

SniðN-13 (56m-60m)



SniðN-13. Efsta lagið er malarlag vegna vegagerðar, undir malarlaginu er torflög, mögulega torfhrun úr byggingu sem hefur staðið þarna nærri. Torfið er mjög járnríkt. Austast er grátt lag með járnútfellingum, er það undir torflaginu. Gráa lagið liggur á óhreyfðum jarðvegi.

SniðN-14 (60m-64m)



Í sniði N-14 verða mannvistarlögin flóknari og þykkari en í fyrri sniðum. Undir malarlaginu er torfhrun, appelsínugult, gult og brúnt með kolasalla. Þar undir er grábrúnt leirlag með kolasalla. Undir leirlaginu er torflag með landnámslaginu í, annaðhvort torfhrun eða hluti af vegg. Ekkert sést af þessu torfi í suðursniðinu svo að þetta mannvirki virðist fara undir malarveginn.

SniðN-15 (64m-68m)



Í sniði N-15 fjara mannvistarlögin út og um mitt snið er nánast engin merki um mannvist, að vestanverðu er eitt blandað torflag annars óhreyft.

SniðN-16 (68m-72m)



Í sniði N-16 sést blandaða torflagið sem einnig var í vestanverðu sniði 15. Fátt er að sjá í sniðinu fyrir utan þunnt lag sem sést í miðju sniði og hola fyllt kolum, sem er í vestanverðu sniði. Í holunni er kol, sót og móaska. Holan kann að hafa verið soðhola eða eldstæði en aldur er óþekktur. Vestan við holuna er kolalag sem liggur frá efri barmi holunnar til vesturs.



Mynd 4 Hóla og kolalag út frá henni í sniði 16 sem kann að hafa verið suðuhóla.

SniðN-17 (72m-76m)



Í sniði N-17 er hluti af kolalaginu sem tengist holunni að austanverðu, undir kolalaginu er þunnt torflag með landnámsgjóskunni sem liggur óhreyft eftir öllu sniðinu til vesturs.

SniðN-18 (76m-80m)



Í sniði N-18 er efst fokmoldarlag, undir því er fokmold með torfsneplum og liggur það ofan á óhreyfðum jarðveg.

SniðN-19 (80m-84m)



Í sniði N-19 er fokmoldarlag efst ásamt yfirborðslagi, þar undir fokmoldarlag með torfi og liggur það lag ofan á óhreyfðum jarðveg.

SniðN-20 (84m-88m)



Snið N-20 er síðasta sniðið sem skráð var og myndað. Að austanverðu er blandað torflag sem liggur eftir öllu sniðinu og liggur það ofan á malarlagi. Mannvistarlögin ná ekki lengra til austurs.

Suðursnið



Mynd 5 Sniðteikning af mannvirki 1 að austanverðu og mannvirki 2 að vestanverðu.

[301]

Grábrúnt lag með rauðbrúnum yrjum og kolamolun (5%).

[302]

Grábrúnt lag með gulum og rauðum yrjum, mjög leirkennt og virðist vera náttúrulegt en í því eru greinilegir kolamolar, mjög fínir og smáir, líklegast áfok.

[303]

Gulbrúnt lag með rauðbrúnum torfsneplum.

[304]

Dökkbrúnt lag, fer aðeins út í fjólublátt, og með kolum (15%).

[305]

Dökkbrúnt lag, mjög hreyft, kol (4%), rauðar og gular skellur.

[306]

Dökkgrátt lag með rauðbrúnum yrjum.

[307]

Dökkgrábrúnt lag með gulum og rauðbrúnum blettum, kol (2%), gæti verið áfok og lagið er líklegast náttúrulegt.

[308]

Rauðbrúnt, dökkgrátt, gult torflag.

[309]

Brúnt lag með rauðbrúnum, gulum, gráum skellum, inniheldur kol (2%).

[310]

Grasrót, ljóst, millibrúnt lag sem er horfið að hluta vegna framkvæmdanna.

[311]

Mjög hreyft lag, skellótt, brúnt með rauðgulum, gulum, dökkgráum og ljósgráum skellum ásamt kolaögnum (3-5%)

[312]

Brúnt lag með mikið af frekar stórum torfsneplum sem eru rauðgulir og rauðbrúnir.

[313]

Dökk brúngrátt lag með fáum en áberandi torfsneplum, rauðgular og svargráar skellur. Í því eru kolaagnir og lítur út fyrir að vera vindblásið.

[314]

Torflag eða jöfnunarlög? Til slétta jarðveg áður en bygging var reist. Þessari byggingu var sennilega að stórum hluta mokuð í burtu þegar yfirborðið var mokað í burtu við skurðargröftinn. Torflagið er gulbrúnt, með rauðbrúnum skellum, grátt, ljós og dökkt á milli er brúnt lag.

[315]

Svartbrúnt lag með torfsneplum í rauðbrúna og gulbrúna skellur og kol (2%).

[316]

Náttúrulegt foklag, grábrúnt með rauðbrúnum dílum og mjög fínun kolaögnum, minna en 1%.

[317]

Einsleitt áfokslag milli-dökkbrúnt, grátt. Það liggur yfir vegg [318] og er því vitni um að staðurinn hafi ekki verið í notkun í nokkurn tíma. Það er vottur af torfsneplum í því, gulum (rauðgulum) og nokkuð um kolaagnir, mesta lagi 1-2%.

[318]

Torfveggur, í veggnum vottar fyrir sandlinsum og smáum steinum. Veggurinn virðist ekki vera mjög vandaður, annars flokks byggingarefni.

[319]

Einsleitt, grábrúnt lag, einhvers konar fylliefni, kol um 1%.

[320]

Torflag, dökkgráar, rauðgular, fjólublár linsur, sandlinsur. Mögulega til að slétta yfirborð innan tóftar (húss), kol (1-4%).

[321]

Torflag, þekja eða hrun, skærgult, grágrænt, rauðgult, dökkgrátt og ljósgrátt.

[322]

Mjög hreyft lag með mikið af kolalinsum, millibrúnt lag með rauðum, rauðgulum, gulum, og gráum skellum. Kol 2-3%.

[323]

Grasrót/yfirborðslag. Ljósbrúnt og þurrt, mjög laust í sér.

[324]

Gólflag? Móaska, flekkótt með mikið af kolum [20%]

[325]

Torfveggur, torfið er dökkbrúnt og er allur veggurinn dökktur að lit.

[326]

Torflag, mattir torflitir, ljósgrátt, gult, rauðbrúnt og rautt. Hugsanlega vegghleðsla, kol (2%).

[327]

Torflag, millibrúnt, rauðbrúnt, mjög dökkt efist og gulir og rauðbrúnir flekkir, kol (5%).

[328]

Fokmold, millibrún og dökkbrún, kol 5% ásamt votti af torfi.

[329]

Torfhrun, gult, dökk og ljósbrúnt, milli til ljósbrúnt. Sviptar til þekjunnar [321], mjög hreyft torflag með stórum torfskellum.

[330]

Fokmoldarlag, náttúrulegt, þó með kolum. Grátt með rauðum skellum.

[331]

Torfsneplar/torfblandað lag, rauðbrúnt, grátt og dökkgrátt.

[332]

Fokmold blönduð kolum, um 10-15%. , milli til dökkbrúnt lag.

[333]

Torflinsa með miklu magni af kolum, 20%, rauðbrúnt, svart og dökkbrúnt.

[334]

Orpinn veggur, dökkbrúnt lag, frekar hreint en liggur upp að grjóthleðslu og er að öllum líkindum ódýrasta gerð veggs. Sennilega hlaðið aðhald austan við útihúsið.

[335]

Fokmoldarlag, dökkbrúnt með torf skellum, rauðgulum og grá-grænum. Mikið af kolum í kringum 20-30%.

[336]

Jöfnunarlag? Hreyft lag með mól og mikið af kolaögnum.

[337]

Grátt þétt leirlag með kolaögnum í.

[338]

Blönduð móaska, kol, brennd bein og frekar mjúkt. Bleikt lag með brúnum flekkjum.

[339]

Kolalag, svart, sem liggur ofan á óhreyfðu að vestanverðu. Sýni tekið.

[340]

Gráleitt lag úr leir úr silti með kolaögnum, 2%.

[341]

Torfveggur, appelsínugulur, gulgrár og brúnn. Veggurinn hefur sigið. Mannvirki 2.

[342]

Grasrót, brúnt moldarlag sem er afar laust í sér.

[343]

Blandað lag, silt og sendið. Milli brúnt lag. Tengist túnasléttun og sést greinilega að búið er að fjarlægja hluta veggjanna við sléttunina.

[344]

Niðurgroftur, brún afar laus sendin mold er í niðurgreftrinum.

[345]

Gólfslag ásamt því sem varðveitt er af eldstæði, Gólfið er dökkbrúnt til svart á lit.

[346]

Torfveggur, torfið er gult, grábrúnt og appelsínugult á lit. Hluti af eystri langvegg.

[347]

Torfhrun úr torfvegg [346]

[348]

Gráleitt lag með gul-appelsínugulur linsum og kolaögnum, Lagið liggur ofan á óhreyfðum jarðveg.

Ljósmyndir og lýsing

Að sunnanverðu eru sniðin í flestum tilvikum 2,5 m á lengd nema annað sé tekið fram. Naglar voru settir í sniðin til þess að hnitsetja ljósmyndir og sniðteikningar. Lýsing hefst austast í sniðinu og endar að vestanverðu.

SniðS-01 (0-2,5m)



Snið S-01 var teiknað sjá sniðteikningu.

SniðS-02 (2,5m-5m)



Snið S-02 var teiknað sjá sniðteikningu.

SniðS-03 (5m-7,5m)



Snið S-03 var teiknað sjá sniðteikningu.

SniðS-04 (7,5m-10m)



Snið S-04 var teiknað sjá sniðteikningu.

SniðS-05 (10m-12,5m)



Snið S-05 var teiknað sjá sniðteikningu.

SniðS-06 (12,5.-15m)



Snið S-06 var teiknað sjá sniðteikningu.

SniðS-07 (15m-17,5m)



Snið S-07 var teiknað sjá sniðteikningu.

SniðS08 (17,5m-21,5m)



Snið S-08 er 4 m langt en ekki 2, 5 m líkt og fyrri snið. Á sniðinu fyrir miðju er torfveggur sem tilheyrir mannvirki 2 og einnig sést gryfjan sem grafin var að hluta til í gegnum vegginn. Sniðið var teiknað.

SniðS-09 (21,5m-25,5m)



Í sniði S-09 er mannvirki 2, á myndinni sést vesturveggur og hluti af því innanverða. Þetta snið er teiknað.

SniðS-10 (25,5m-29,5m)



Snið S-10 var ekki handteiknað þar sem engin mannvirki voru í sniðinu né voru þau gerð lóðrétt líkt og snið S01-S09. Sniðið var hreinsað og mannvistarlög afmörkuð. Efst í sniðinu er yfirborðslag/túnasléttunarlag með talsverðu af nýlegum gripum eins og glerbrotum úr gosflöskum, leirkerabrotum o.s.frv. Undir því lagi er blandað torfhrun úr vesturvegg mannvirkis 2. Undir torfhruninu er leirkennt fokmoldarlag með torfsneplum sem liggur á óhreyfðum jarðveg.

SniðS-11 (29,5m-33,5m)



Snið S-11 er áþekkt og snið 10 en minni mannvist er að finna í lögunum. Efst er þykkt yfirborðslag/túnasléttunarlag, þar undir er blandað torflag, mjög svipað torf og í mannvirki 2 og liggur það á óhreyfðum jarðveg.

SniðS-12 (33,5m-37,5m)



Snið 12 er frekar lítil merki um mannvist, efst er yfirborðslag/fokmoldarlag, engir gripir finnast lengur í efsta laginu. Undir því er fokmold ásamt kolasalla og torfsneplum og liggur það lag á óhreyfðum jarðveg.

SniðS-13 (37,5 m-41,5m)



Í sniði S-13 er mjög fátt að sjá, fokmoldarlög með torfsneplum og kolum.

SniðS-14 (41,5m-45,5m)



Snið S-14 er svipað sniði S13, fokmoldarlög sem liggja á óhreyfðum jarðveg. Efst er þó malarlag tengd lagningu malarvegsins sem er norðan við skurðinn.

SniðS-15 (45,5m-49,5m)



Snið S-15 er áþekkt sniði 14 en að vestanverðu er nánast engin merki um mannvist eingöngu náttúruleg lög fyrir utan malarlagið efst.

SniðS-16 S(49,5m-43,5m)



Snið S-16 er áþekkt og snið S-15, engin merki eru um mannvist í sniðinu fyrir utan malarlagið efst.

SniðS-17 (43,5m-47,5m)



Í sniði S-17 er nánast engin merki um mannvist.

SniðS-18 (47,5m-51,5m)



Í sniði S-18 er nánast engin merki um mannvist.

SniðS-19 (51,5m-55,5m)



Í sniði S-19 er nánast engin merki um mannvist.

SniðS-20 (55,5m-59,5m)



Í sniði S-20 er efst fokmold, sem liggur á fokmoldarlagi með torfsneplum. Undir því lagi er kolalag sem er hluti af suðuholu sem sást í norðursniði (sniðN17). Líklegast er þetta jaðar holunnar og hún hefur verið í miðjum skurði og þar af leiðandi er búið að grafa hana á brott með skurðargröfu. Holan er grafinn í gegnum óhreyfðan jarðveg.

SniðS-21 (59,5m-63,5m)



Í sniði S-21 er nánast engin merki um mannvist. Fokmoldarlag með örfáum torfsneplum sem liggur á óhreyfðum jarðveg.

SniðiS-22 (63,5m-67,5m)



Í sniði S-22 er nánast engin mannvist, Fokmoldarlag með torfsneplum sem liggur á óhreyfðum jarðveg. Að vestanverðu liggur fokmoldin á óhreyfðu malarlagi.

SniðS-23 (67,5m-71,5m)



Í sniði S-23 er engin merki um mannvist.

SniðS-24 (71,5m-75,5m)




Í sniði S-24 er engin merki um mannvist. Þetta er síðasta sniðið sem skráð var í norðurhluta skurðarins.

Umræða


Mannvistarlög voru mismunandi umfangsmikil eftir því hvar þau voru staðsett. Í jaðri bæjarhólsins voru mannvistarlögin hvað þykkust, u.þ.b. 1,6 m og en fjara út til vesturs þar til þau hverfa að öllu. Skurðurinn var um 1,50-1,70 m á dýpt en breytilegt hvað mannvistarlögin voru djúp. Við bæjarhólinn, sjá snið N-05a til N-07 og snið S-01 til S-09, voru mannvistarlög niður á leirríkan malarkamb. Vestan bæjarhóls eru mannvistarlögin hinsvegar ofan á leirríkum óhreyfðum jarðlögum. Í sniði N16 og N-17 var eldstæði eða soðhola sem virðist hafa verið staðsett utandyra þar sem engin ummerki mannvirkis var að sjá. Í sniði S-14 var torf með landnámslaginu í. Þar kann að hafa verið bygging sem tengist elstu búsetuminjum Stóru Drageyrar. Hins vegar er afar lítil jarðvegsþykknun á svæðinu og því er erfitt að áætla aldur þeirra minja og hlutverk. Við framkvæmdina hafði verið grafið í gegnum tvö mannvirki og verður fjallað nánar um þau hér að neðan.

Mannvirki



Kort 3 sýnir staðsetningu mannvirkjanna tveggja í skurðinum.

Á kortinu hér fyrir ofan má sjá hvar í skurðinum mannvirkin voru. Mannvirki 1 (sjá snið S02-S07) er að austanverðu og mannvirki 2 (sjá snið N05c-N06 og S08-S09) að vestanverðu. Skurðurinn var grafinn í gegnum norðurjaðar bæjarhólsins og farið í gegnum norðurgabl bygginganna tveggja. Norðurvegg mannvirkis tvö var búið að fjarlægja með öllu.



Kort 4 Kortið sýnir staðsetningu bæjarhólsins og húsanna tveggja sem enn standa.

Mannvirki 1

(Sjá sniðteikningu bls. 27)

Mannvirki 1 er rétt norðan við bárujárnsblöðuna sem enn stendur. Mannvirkið er nokkuð greinilegt í suðursniðinu en í norðursniðinu eru eingöngu blönduð mannvistarlög og líklegast grjóthrun úr byggingunni. Skurðurinn hefur farið í gegnum norðurgafl hússins. Stærsti hluti mannvirkisins er þar af leiðandi enn varðveittur undir sverði. Í fleti voru þrjú lög mæld upp. Yngsta lagið var lag [100] sem var grjóthrun úr veggjum byggingar 1. Hluti af því kann að tilheyra veggjum en afar erfitt var að dæma um það vegna þess hve minjarnar voru á litlu svæði.



Mynd 6 Grjóthrun [100] ásamt veggjabrotum [102]. (Mynd tekinn í N)

Austan við grjóthrunið var grjót í vegg [102] (vesturveggur) og í vegg [103] (austurveggur) voru torflög innan um grjót [318] og [325] (sjá sniðteikningu) en torfið virtist lélegt og hluti þess gæti verið fylling í veggnum. Ein stoðarhola var grafinn upp í tengslum við þessa byggingu. Stoðarholan var 47 cm í þvermál og um 20 cm á dýpt og grafin niður í óhreyfðan jarðveg. Holan var nokkurn veginn í miðri byggingu og hefur verið nánast upp við norðurgafl hússins. Innan mannvirkisins var torfhrun og blönduð hreyfð lög sem ekki var hægt að skilgreina frekar. Ljóst að byggingarstig mannvirkis 1 eru fleiri en eitt.



Mynd 7. Mannvirki 1 í sniði ásamt stoðarholu í fleti. (Mynd tekin í S)

Upphaflega kann mannvirkið að hafa verið íveruhús þar sem móöskublandað gólflag var neðarlega í sniðinu en það kann einnig að hafa tilheyrt eldra mannvirki. Ekki er hægt að tímasetja þessar minjar nákvæmlega þar sem hvorki voru gripir né gjóskulög sem tengjast þessu mannvirki. Bárújárnshlaðan var byggð ofan í eldri tóft sem sést á yfirborði er hún líklegast frá 19. öld. Mannvirki 1 er undir tóftinni sem er sjáanleg á yfirborði og því eldri en tóftin. Undir mannvirki 1 eru minjar sem sem liggja beint ofan á náttúrulegu malarlagi.

Mannvirki 2

(sjá sniðteikningu bls. 8)

Mannvirki 2, var og er enn að nokkru undir kálgarði sem enn sést á yfirborði. Ekki er ljóst hvert hlutverk mannvirkisins var né stærð þess þar sem rannsókn afmarkaðist af því sem sást í skurði. Norðanmegin í skurðinum sást norðurgabl mannvirkisins, torfveggur [101], yfir honum var yfirborðslag/túnasléttunarlag og var greinilegt að búið var að fjarlægja talsvert af veggnum. Torfveggur [101] var 4,6 m á lengd og mesta sýnilega breidd var 0,45 m. Búið var að grafa suðurhluta veggisins burt við gerð skurðarins. Torfið var brúnappelsínugult, gult og grátt á lit og sást í sniðinu að veggurinn var klömbruhlaðinn.



Mynd 8. Torfveggur [101], búið er að grafa í burtu yfirborðslag og torfhrun. (Mynd tekin í N)

